

ANN BELFORD ULANOV

Ótti kristinna við sálarlífið

Ótti við sálarlíf (e. *psyche*) og óöryggi gagnvart því sem í sálarljúpinu býr eru algeng fyrirbæri í lífi kristins fólks og innan kristinna stofnana.¹ Þetta á bæði við kristna einstaklinga og kirkjuna sem samfélag. Kristið fólk lítur gjarnan á sálarlíf sitt sem viðsjárvert fyrirbæri og í stað þess að læra að kljást við krefjandi veruleika þess lítur það fram hjá því, m.ö.o. það tortryggir sálarlífið og reynir að þrýsta því út úr meðvitund sinni. Í háskólum og guðfræðideildum er líka oft litið á greinar sem fást með beinum hætti við sálarlífið sem framandi hjágreinar guðfræðinnar eða jafnvel sem lúxus fremur en grundvallandi greinar guðfræða.

Á tímum hagræðingar og niðurskurðar vilja gleymast þau miklu áhrif sem þessi fræði geta haft á líf alls fólks – ekki síst á líf kristins fólks. Þá vill gleymast mikilvægi þessara greina í baráttunni við þann sjálfstortímandi ótta við sálarlífið sem svo oft hrjáir trúað fólk. En markmið okkar er að hjálpa því að endurheimta tilfinninguna fyrir eigin veru og tilfinninguna fyrir verunni sem slíkri.

Hugtakið gagnsæi (e. *transparency*) hjálpar til að skýra tengslin á milli djúpsálarfræðinnar og kristinnar trúar vegna þess að bæði sviðin finna fyllstu tjáningu sína í þessu hugtaki. Öll raunveruleg reynsla af lífi sálarinnar birtir okkur gagnsæi og tilgang Guðs í lífi okkar. Öll einbeitt skoðun á lífi sálarlífs-

¹ [Dr. Ann Belford Ulanov er prófessor í geðlæknis- og trúarbragðafræðum við Union Theological Seminary og kennari við Jung Institute í New York. Hún er höfundur fjöldamargra bóka á fræðasviði sínu. Ritgerðin er þýðing á ritgerðinni „The Christian Fear of the Psyche“ í bókinni Picturing God, Eugene: Wipf and Stock, 2001. Í þýðingunni er „psyche“ þýtt með íslenska hugtakinu sálarlíf en það vísar í alla sálaræna virkni hvort sem hún er í einstaklingi, hópi eða í samfélagi. Hugtakið vísar ekki síst til þeirrar virkni sem ekki verður skilgreind sem hugræn eða atferlisleg, heldur til þess sem er virkni dulvitundarinnar. – Þýð.]



ins gerir meðvitund okkar gagnsæri gagnvart nærveru og ætlan dulvitundarinnar. Þar að auki getur hugmyndin um gagnsæi hjálpað okkur að skilja bæði óttann við líf dulvitundarinnar hjá þorra fólks svo og tortryggni og óbilgirni kristins fólks gagnvart henni. Þegar þessi ótti er skoðaður kemur í ljós að hann byggist á kvíða gagnvart sálarlífinu. Í reynd óttumst við það stórbrotna líf sem býr innra með okkur, kviku sem kallar okkur til að lifa öllu því lífi sem í okkur býr, m.ö.o. að lifa öllu því sem við erum í raun og sanni.

Frá sálarlífinu streymir eitthvað óumræðanlega lifandi og hvort sem við trúum því eða ekki þá býr þessi veruleiki í okkur sjálfum. Ef við erum opin fyrir þessu þá uppgötvað við að í sálarlífinu leynist annað líf, nærvera sem er svo sterk að ef við horfumst í augu við hana þá hljótum við að skelfast og verða hrædd um að tortímast. En þrátt fyrir þennan ótta þá hljótum við líka að verða að falla í fang þess lifandi Guðs sem við mætum í sál okkar og setur fram svo afdráttarlausa kröfu að í samanburði við hana hljóta allar aðrar að blikna. Að lifa sálarlífinu er að horfast í augu við kjarna verunnar – Guð.

Skoðum nú nánar þennan ótta við sálarlífið sem trúarbrögð, þjónar þeirra og fylgjendur þekkja vel, sem er sérstakt viðfangsefni hins nýja sviðs geðlæknis- og trúarbragða. Við skulum beina athygli að þeim tilfinningum sem óttinn við sálarlífið vekur bæði sjálfum okkur og öðrum: Óvissu, geðs-hræringu, reiði og öfund.

Öfund er sérstaklega erfið tilfinning. Þegar við öfundum, skynjum við að sá sem við öfundum hefur eitthvað sem við höfum ekki. Og það er sárt að fá ekki það sem við þráum, einkum þegar við höfum það sífellt fyrir augunum. Það er ekki óalgengt að við bregðumst við þessum sársauka með því að reyna að eyða því sem við með svo örvæntingarfullum hætti viljum fá. Öfundin veitir okkur sjúkleg þægindi. Í stað þess að viðurkenna sársaukann sem það sem öfundast er út í veldur okkur, ímyndum við okkur að með því að eyðileggja hið góða sem við þráum, þannig að enginn hafi það, þá losnum við undan valdi þess. En líkt og systur hennar – örvænting, óvissa og reiði – er öfundin fölsk og trúlaus tilfinning. Mistök okkar eru að ímynda okkur að við getum ekki þroskað hina þráðu eigind með okkur sjálfum. Okkur skortir trú á sköpunarmátt löngunarinnar til að framkalla með einum eða öðrum hætti það sem við þráum. Þessi skortur veldur skelfilegu hugarangri og reiði og gerir lítið úr verufræðilegum möguleika óskar okkar sem gæti í reynd leitt til þess að hún rættist – eða eins og Simone Weil orðaði það: „Þráin ein nær til Guðs [...] hann getur ekki skirrst við að koma til þeirra sem biðja statt og stöðugt til hans.“² Þannig byggist öfund á misskilningi á eðli þess sem

² Simone Weil, *Waiting for God*, New York: Capricorn, 1959, bls. 11.

öfundast er út í og brenglar raunveruleikann fyrir okkur, bæði þann sem við þráum og sýn okkar á okkur sjálf.

Þetta á ekki síst við um öfund gagnvart þeim sem reyna að ástunda sálarlíf sitt, hvort sem er með því að gangast undir sálgreiningu, leggja stund á sálar-afþræðilega geðsjúkdómafræði eða guðfræði andans. Þeim sem fylgjast með þessari erfiðu ástundun úr fjarlægð hættir til að mistúlka hana og ímynda sér að hún leiði af sér aukna vitund, að sjálfstjórnin batni og að viðkomandi öðlist aukið vald yfir öðrum. Að halda að annar hafi öðlast sjálfsþekkingu getur leitt til þess að við dæmum viðkomandi hrokafullan í krafti þess nýja afls sem við höfum eignað honum, ekki hann sjálfur. Slíkt fólk er iðulega álitíð fáskiptið vegna þess að það virðist fjarlægt en í reynd er þessi fjarlægð nokkuð sem við sköpum, ekki það.

Tilgangur sállækninga er líka misskilinn ef litið er svo á að þeim sé ætlað að breyta atferli fólks eða skapa nýja hugsjón fyrir mannkyn. Sállækning miðar ekki að slíku jafnvel þó að hún geti útvíkkað vitundarlíf og opnað augu einstaklingsins fyrir því hversu takmarkaðar sannfæringar hans geta í reynd verið. Að setja sér ný markmið, sérstaklega á sviði vitundarlífsins, eykur á ógnir sálarlífsins, opnar hæglega fyrir nýjar sjálfsásakanir og getur leitt til fordóma gagnvart öðrum. Við förum að sjá okkur sjálf og aðra í ljósi markmiða okkar og finnum sárlega fyrir því þegar þau standast ekki. Slíkt leiðir til örvæntingar og það sem er jafnvel enn verra, til falskrar sektarkenndar sem er til engra hluta nýt. Slík sektarkennd leiðir ekki til iðrunar eða umskipta í hjartalagi heldur eykur á harðúð hjartans. Hjartað víggirðist og líkt og hjá Faraóum Ritningarinnar herðir Guð hjartað, svo herðist það í brjosti okkar og að síðustu ákveðum við að herða það enn frekar.³ Það sem hófst sem lítill annmarki á vitundarlífinu er farið að lifa sjálfstæðu lífi í huga okkar. Kierkegaard lýsti þessu ástandi sem einskonar „haltu kjafti“ gagnvart góðu lífi, einhverju sem felur í sér djúpstæðan ótta við það.⁴ R. D. Laing fékk þessa hugmynd Kierkegaards að láni í greiningu sinni á því ástandi þar sem sjálfsvitundin verður svo ýkt að það leiðir til geðklofnings þar sem hluti vitundar starir stöðugt á sjálfið líkt og hún væri eftirlitsaðili yfir lífi okkar. Þráin eftir meiri meðvitund er orðin að „dauðageisla“ sem beinist að sjálfinu. Laing lýsir þessum áhrifum: „Duldin starir á sjálfið og drepur alla sköpun, frumkvæði og alla ánægju.“⁵

³ Sjá 2. Mósebók 7 og 8.

⁴ Sjá Sören Kierkegaard, *The Concept of Dread*, Princeton: Princeton University Press, 1957, bls. 110.

⁵ Sjá R. D. Laing, *The Divided Self*, Baltimore: Penguin, 1965, bls. 74, 112–113.

Sá sem reynir þetta óttast í reynd sálarlífíð og nægtabrunna þess – myrkur og birtu, vitund og dulvitund – en Kierkegaard sagði einmitt að mestu örvæntinguna, þá djöfullegustu, væri að finna þegar vitundin víkkar út í hið óendanlega. Þeir pólur mannshugans sem Kierkegaard áleit vera í grunneðli persónuleikans klofna hver frá öðrum: vitund er úr tengslum við dulvitund, andi úr tengslum við hold, sál úr tengslum við líkama. Aftur á móti hrjáir falskt gagnsæi allt sem kalla mætti einskonar djöful í okkur, djöful sem apar eftir því góða, þar af leiðandi inniber fólkskvalaust gagnsæi alltaf þverstæðu mannlegrar reynslu, og hvort er gagnsætt í öðru. „Örvænting djöfulsins er mesta örvæntingin því að djöfullinn er fullkomlega andlegur veruleiki og því alger meðvitund og algert gegnsæi; í djöflinum er engin óræðni sem gæti þjónað sem sefandi afsökun – örvænting hans er þess vegna alger ögrun.“⁶

Ímynd gagnsæis

Ég álít tilgang sállækninga vera gagnsæi. Markmið þeirra er ekki að útvíkka vitundina eða að ná fram mælanlegri breytingu á atferli. Tilgangur sállækninga er gagnsæi og hárnákvæm og alger endurstaðsetning meðvitundar í sálarlífinu. Í sálgreiningu missir vitundin gildi sitt sem afgerandi miðja innri atburða og sambandið við hina sínálægu dulvitund kemur fram. Þannig er tilgangur sállækninga ekki að drottna yfir dulvitundinni heldur að komast í samband við hana. Dýpt og mikilvægi þessa er í réttu hlutfalli við gagnsæi dulvitundar í vitundinni. Vitundin verður skýrari og gagnsærri. Hún verður gagnsæ og laus undan geðhrifum og uppgerð. Uppstreymið í gegnum hana verður frjálst og fer að geta komið upprunalegri nærveru dulvitundarinnar til skila. Ljós og myrkur hugans taka á sig nýjar myndir, aðlögunarhæfni einstaklingsins eykst og hann verður hæfari til að takast á við breytingar. Nú fer dulvitundin jafnvel að varpa enn betra ljósi á vandamál okkar og áhyggjuefni heldur en vitundin sem í samanburði virðist nú þjakandi og dökk. Stundum má beita innsæi vitundar á myrka þráhyggju dulvitundar með slíkum krafti að okkur finnst að orðið hafi dálítil Sköpun: Ljós greinist frá myrkri og dulvitundin í goðumlíku hlutverki sínu gefur vitundinni með gagnsæi sínu eitt-hvað sem er „harla gott“.

Klínískur kraftur freudískra fræða fólst m.a. í að sýna fram á að bernskureynslan býr með einstaklingnum á fullorðinsárum. Freud áleit að dulvitundin ætti sér rætur í bernskunni og að hún fylgdi okkur frá vöggu til grafar. Við verðum að finna leið til að lifa með ætlun dulvitundarinnar án þess

⁶ Kierkegaard, *The Concept of Dread*, bls. 175.

að tynast í myrkviðum hennar eða fjarlægjast um of tært gagnsæi hennar.⁷ Taugaveiklun (e. *neurosis*) orsakast oftast af því að einstaklingur reynir að lifa lífi sínu í trássi við líf dulvitundar – óháð hvort það líf er gott eða slæmt – og lætur eins og það sé ekki til, hvorki í honum sjálfum né öðrum. Geðtruflanir (e. *psychosis*) orsakast oftast af því að ekki er borin næg virðing fyrir mætti þessarar djúpu undiröldu í sálarlífi okkar sem getur, sé hún vanmetin og ekki um hana skeytt, skolað okkur í órafjarlægð burt frá sammannlegri tilvist. Óttinn við þetta mikilvæga og frumstæða svið mannlægs lífs er eðlilegur. En að óttast þennan veruleika, það svið sem djúpsálfræðin rannsakar (að því marki sem hægt er) er líka að ýta lífinu frá sér og óttast það að vera til. Í stað þess að þiggja með þökkum kraftaverk sköpunarinnar þá dæmum hana sem „slæma“.

Ímyndir og dulvitund

Dulvitundin, hið frumlæga, óskipulagða og goðræna svið sálarlífsins er á mörkum þess segjanlega og handan við veruleika hugtaka. Dulvitundin byggist á eðlishvötum og líkaminn upplifir hana sem hneigðir. Hún tjáir sig til vitundar með ímyndum, hvötum og sístæðri þrá eftir fullnægju. Þessi tjáning er mjög einstaklingsbundin og miðar fremur að sjálfstjáningu en samskiptum við annað fólk, eins og hún þróast á mannsævinni og eftir því sem hún verður mikilvægari.⁸ Þrátt fyrir þetta sjálfmiðaða eðli dulvitundar búum við öll yfir þessari tjáningu og þess vegna getum við þekkt veruleika hennar í öðrum. Við reynum öll þennan veruleika og sýnum það m.a. í mismælum, ofhlöðnum tilfinningaviðbrögðum (sem eru stundum ekki í neinu samræmi við atvikið sem vakti þau), í krassandi líkamstjáningu, o.s.frv. Ómeðvituð ætlan okkar er stundum augljós öðrum áður en við gerum okkur grein fyrir henni sjálf. Margir óttast eða skammast sín fyrir þetta líf ímynda, hugmynda og hvata þegar það brýst upp á yfirborðið. Margir óttast útrás óstjórnlegra geðhrifa, s.s. reiði sem ryðst fram og skynsemin fær ekki stjórn, eða ólgu kynhvata sem krefjast fullnægingar og skeyta engu um viðtekin siðferðisgildi. Við óttumst tilfinningahlaðin viðbrögð, bæði okkar sjálfra og annarra, og það að sogast inn í alkrefjandi tog dulvitundar. Ógn einstakra geðhrifa

⁷ Ítarlega umræðu um dulvitundina sem eðlislægan þátt í manneskjunni, sjá 2. kafla í Ann og Barry Ulanov, *Religion and the Unconscious*, Philadelphia: Westminster Press, 1975.

⁸ Sjá C. G. Jung, „Two Kinds of Thinking“, *Symbols of Transformation*, Collected Works, V, Princeton: Princeton University Press, 1956, bls. 7–34.

(s.s. reiði, þrá, ótti, örvænting eða lotning) er þó ekki jafn skelfileg og stórbrotinn skipandi lífsþróttur sálarjúpanna sem getur risið upp hvenær sem er og gert sig líklegan til að taka af okkur öll ráð.

Dýrmætustu og mikilvægustu reynsluna af sálarlífi okkar, sálarlífi annarra, og af lífi Andans fáum við þegar vitund og dulvitund blandast. Þá virðist myrkur dulvitundar gera ljós vitundarinnar að engu. Á slíku augnabliki erum við kölluð út úr *sjálfinu* til að samsamast öðrum takti eða mynstri í tilverunni. Við mætum öðrum tilgangi, gildum og markmiðum. Á slíkri stund er auðvelt að renna af hólmi í ótta við þá afgerandi og jafnvel miskunnarlausu handanveru (e. *transcendence*) sem virðist draga okkur til sín. Viðbragð okkar við þessum ótta ákvarðar þanþol sálarlífsins – lífsins sjálfs – í okkur. Takmarkandi varnarviðbrögð leiða til andlegs dauða. Ótti sem verður að lotningu leiðir til lífs í gnægð.

Kristnin er rík af tjáningu ómeðvitaðra ímynda og hvatalífs: Í Ritningunni, í fjölbreyttum túlkunum kirkjufæðra á fagnaðarerindinu, í ævisögum dulhyggjumanna og -kvenna, í ályktunum kirkjuþinga og vangaveltum guðfræðinga um eðli andlegs lífs. Kristið fólk hefur alltof oft mætt þessari heillandi innsýn í líf sálarænna ímynda og hvata með nokkru sem er jafnvel verra en ótti, þ.e. niðurdrepandi fálæti vegna þess að það er ekki í tengslum við dulvitundina. Þetta fólk ber trúargleði engin merki, heldur birtist trú þess sem tilfinningalega lífvana og torkennilegt fyrirbæri. Það sættir sig við trúna sem takmarkaða vitsmuna- og félagskenningu en sér hana ekki sem það líf í *fullri gnægð* sem kristnin gefur fyrirheit um.

Ímyndir og hvatir dulhyggjumanna og -kvenna, kirkjufæðra, fjölda persóna í Ritningunni og í kristinni hefð, eru alger ögrun við allar einfaldar og einsleitar túlkanir á mannlegri reynslu. Kristin hefð færir okkur hvorki niðursoðna mynd af mannlegu lífi, né einföldun eða siðferðilega vandlætningu á því. Hún vitnar aftur á móti um andrými þverstæðna og sýnir hversu þverstæðukennd skynjun okkar á tilverunni þarf í reynd að vera til að reynast haldgóð. Með hjálp þessa fáum við skilið að dulvitundin lifir í okkur og í hefðinni – hún lætur ekki stjórna sér og lætur ekki skynsemi okkar takmarka sig. Að lifa í snertingu við dulvitundina leiðir okkur inn á nýjar reynslulendur sem hvorki takmarkast við einkatilveru okkar né sameiginlega tilveru alls fólks, heldur til einhvers sem er mitt á milli þessara heima. Þverstæðan er sú að þessi staður er í senn óumræðilega persónulegur, sá staður þar sem sérstök sjálfsmýnd hvers og eins fæst best skilgreind og líka sá staður sem er óumræðilega sammannlegur – staður þar sem við erum í náinni snertingu við aðra og í nánnum tengslum við það spennandi svið tilverunnar sem

barnið þekkir hvað best þegar það gleymir sér í leik. Staður sem fullorðið fólk þekkir hvað best í fullnægjandi reynslu af kynlífi, listum og andlegu lífi.⁹ Á þessum stað erum við raunverulega lifandi, full af tilfinningu fyrir tilgangi og mikilvægi þess að vera til. Án viðkomu á þessum stað erum við – með orðalagi trúarbragða – dauðar sálir. Þetta er líka staður sem djúpsálarfræðin þekkir, hefur skoðað og sýnt fram á með klínískum gögnum.

Gagnsemi gagnsæis

Djúpsálarfræðin ætlar sér ekki þá dul að færa okkur það mikilvægasta í mannlegri reynslu: að upplifa það að lifa lífinu lifandi í nánnum tengslum við annað fólk og í snertingu við guðlega merkingu. Djúpsálarfræðin lýsir því hinsvegar hvernig öðlast má líf þar sem dulvitund verður gagnsæ í vitundinni. Þetta takmark má nálgast með því að þroska alla þætti persónuleikans, óháð þroskakostakerfi eða aðferð. Markmiðið er að færa saman þessar tvær víddir í veru okkar svo þær verði gagnsæjar og sjái hvor í gegn um aðra. Freud áleit að aðeins sterkt *sjálf* gæti þolað samskiptin við dulvitundina og aðeins vel þroskað *sjálf* gæti undirgengist meðferð þar sem frjálsum hugrenninga-tengslum er beitt til að draga fram ómeðvitað efni og afsamsama það *sjálfinu*. Þetta afsamsömunarferli er ekki ólíkt því sem gerist hjá þeim sem ástundar trúarlíf, gerir andlegar æfingar og lærir að skoða þær ímyndir sem afvegaleiða athyglina í bæn og íhugun (í stað þess að verða heltekinn eða gagnstekinn af þeim). Ernst Kris áleit að til að beita endurhvarfi (e. *regression*, þ.e. ferð *sjálfsins* til frumstæðari stiga vitundarlífsins) í lækningu þá yrði *sjálf* að vera nægjanlega sveigjanlegt til að ferðast frá sálarnútið til sálarfortíðar og til baka.¹⁰ Paul Ricoeur benti á að fornminjar sálarlífs og markmið tákmynda krefjist þess að við (og ég bæti við, ef við höfum til þess ímyndunar-afl) séum samtímis meðvituð um frumstæðan uppruna trúarímynda okkar (t.d. bernska óskhyggju og frumstæðar þarfir sem við vörpum út á hið guðlega) og vísbendingar sem felast í þessum táknum um markmið ævinnar sem framundan er.¹¹ Trúartákn vísa bæði til fortíðar og framtíðar. Þau eru bæði ótímabundin og afurð þess tíma sem þau verða til á. Þau benda til lífs sem á eftir að raungera og sambands við Guð sem enn á eftir að reyna í meðvitund.

⁹ Sjá D. W. Winnicott, *Playing and Reality*, London: Tavistock, 1971, kafla 4 og 8.

¹⁰ Sjá Ernest Kris, *Psychoanalytic Explorations in Art*, New York: International Universities Press, 1952. Sjá einnig Michael Balint, *The Basic Fault: Therapeutic Aspects of Regression*, London: Tavistock, 1968, kafla 14 og 22.

¹¹ Sjá Paul Ricoeur, *Freud and Philosophy: An Essay on Interpretation*, New Haven: Yale University Press, 1970, bls. 540–543.

Sá sem leitast við að vera í senn meðvitaður um möguleika og takmarkanir tákna finnst hann togast í andstæðar áttir; það krefst í reynd krossfestingar trúarlegrar meðvitundar. Og auðvitað efumst við í þessu ferli. Við förum að sjá í gegnum okkur sjálf, líta inn á við og skiljum að barnalegustu óskir okkar eru gegnsýrðar hæstu þrám andans. Við uppgötvum að ljós hins hæsta lýsir í gegnum grófan og hráan uppruna okkar. Og þetta er ekki aðeins sálfræðileg innsýn í trúarreynsluna – þetta er trúarreynslan sjálf.

Gagnsæi af þessu tagi er ekki auðfengið og kemur ekki af sjálfu sér – þetta er mikilvægt – því gagnsæið felur í sér eins mikla útvíkkun vitundarinnar og hugsanlegt er. Þegar við förum að skilja líf dulvitundarinnar vex vitundin án þess að frumstæðir kraftar dulvitundarinnar sópi henni burt. Ný vídd fær skinið í gegnum sýn dulvitundarinnar sem nú birtist vitundinni. Við hreyfumst frá einu gagnsæi til annars, fyrst frá vitund til dulvitundar og síðan frá vitund um mannlega þætti sálarlífsins til þeirrar guðlegu. Þetta þýðir ekki að reynslan af dulvitund jafngildi reynslu af hinu guðlega. Hér er fyrst og fremst átt við að oft er leiðin (hvort sem er í gegnum endurhvarf eða fram-sækni) í átt til gegnsæis hins guðlega í mannlegu lífi fólgin í að sökkva sér í djúp mannlegs anda og upplifa ómælisdjúp hans. Það sem Carl Jung nefndi *einstökun* (e. *individuation*) er þessu líkt. Einstökun er ferli sem spannar allt lífið og felur í sér viðleitni vitundar og dulvitundar til að ná til þess staðar þar sem viðkomandi lifir *sub specie aeternitatis* þar sem hið hversdagslegasta í daglegu lífi er gegnsýrt af guðlegri merkingu og nærveru.¹²

Dýrlingar vita að ástundun og þroski eru nauðsynleg forsenda þess að öðlast nægan styrk til að þola beina upplifun af verunni sjálfri. Í þessu felst styrkur táknsagna af mönnum eins og Gregoríanusi mikla þar sem gagnsæi þess guðlega í því mannlega er líkt við „ljósglufu“ þar sem Guð sést „naumlega“, vegna „þess myrkurs sem er veikleiki okkar“. Þetta er líking sem byggir á skilgreiningu Ágústínusar kirkjuföður á Drottni sem *Ljósinu sjálfu* sem sálin sér ekki vegna þess að hún „skelfur í vanmætti og fær ekki séð.“¹³

Kjarni málsins er þessi: Ástundun og alúð eru nauðsynlegar forsendur þess að öðlast gagnsæi verunnar, og sálarlífið er allrar skoðunar virði vegna þess að ríkidæmi lífsins er okkur öllum rétt innan seilingar ef við aðeins

¹² [Latneska orðasambandið *sub specie aeternitatis* merkir „það sem tilheyrir eilífið-inni“ og hefur allt frá því að hollenski heimspekingurinn Baruch Spinoza notaði það í verkum sínum verið notað sem heiðursorðatiltæki yfir það sem er algilt og eilíflega satt og án skírskotunar til þess tímanlega – Þýð.]

¹³ Cuthbert Butler, *Western Mysticism*, New York: Harper Torchbooks, 1966, bls. 54, 67, 78.

gefum því gaum. Dulvitundin er ekki einkaeign fárra eða sérhóps og engin ein aðferð trúarbragða eða djúpsálarfræða er hin eina sanna né heldur besta leiðin til að upplifa hana. Dulvitundin býr í öllum og hver og einn verður að finna sína persónulega leið til að nálgast hana. Að fordæma reynsluheim þeirra sem hafa lært að umgangast líf andans er aðferð okkar til að komast hjá því að öðlast slíka reynslu sjálf. Að taka áskorun dulvitundarinnar er tækifæri okkar til að læra og reyna, á okkar eigin hátt þegar við erum tilbúin til þess.

Ótti og félagslegt réttlæti

Kristnu fólki með sterka félagslega réttlætiskennnd hefur löngum fundist andlegt líf framandi. Því finnst athyglin á innra líf beina sjónum frá aðkallandi félagslegum, stjórnmalalegum og menningarlegum vandamálum. Það lítur á djúpsálarfræði, hjónaband geðlæknisfræði og guðfræði og sállækningar sem óþarfa lúxus fremur en grundvallandi sannindi fyrir kristið líf og þá ábyrgð sem því fylgir. Því finnst þessi ástundun til marks um einstaklingshyggju, sjúkdóm sem valdi félagslegu óréttlæti og stjórnarfarslegri óreiðu og að réttlætinu sé fórnað á altari „persónulegs þroska“ og þráin eftir félagslegu réttlæti hafi slokknad.

Þessi gagnrýni er á röngum rökum reist og grundvallast á misskilningi á eðli sálarlífsins. Misskilningurinn felst í að sjá persónulegt líf og líf í samfélagi sem andstæður – eða sem verra er, sem ógn hvort við annað. Misskilningurinn felst í að líta svo á að sambandið milli þessa sé aðeins mögulegt í ákveðinni röð, fyrst eitt, síðan hitt, eða öfugt. Kristið fólk hefur gjarna lesið verk dulhyggjumanna og –kvenna í þessu ljósi og skilið greinarmun þeirra í „virku lífi“ í samfélagi og „óvirku lífi“ íhugunar sem ögrun við ábyrgt líf. Það hefur jafnvel álitid að ástundun andlegs lífs geti leitt af sér ömurlegar og fyrirlitlegar afleiðingar fyrir mannlegt samfélag. Það gleymir því hinsvegar að margir einörðustu talsmenn íhugunar og bænarlífs gerðu meira til að ýta samfélagi í átt til félagslegs réttlætis en hörðustu byltingarmenn. Ef við greinum hið persónulega frá því félagslega, hið innra frá því ytra, þá fáum við ekki lengur skilið hin byltingarkenndu áhrif klausturhreyfinganna á þróun heimsins. Þá yfirsést okkur líka að félagslegur sjúkleiki á rót í sjúkri sál og að haldgóð endurskipulagning samfélags krefst í reynd endurskipulagningar á lífi okkar sem einstaklinga. Við skiljum – eða réttara sagt misskiljum – sálarlíf einstaklingsins sem eitthvað sem lifi í tómarúmi, einangrað frá öðrum, í stað þess að sjá það sem hluta af stærri heild og í tengslum við líf annars fólks eins og djúpsálarfræðin hefur sýnt okkur fram á að sé reyndin,

samhangandi heild, með sameiginlegum táknum, samfélags gleði og sorgar, skýrleika og vandamála, sigra og taps.

Margt kristið fólk sem veltir því fyrir sér hvort það sé í reynd til eitthvert líf sálar eða anda, eða einhverskonar innri vídd trúarlífs þess, reynir markvisst að setja sig í þjónustu veraldar sinnar, vegna þess að þar eygir það von um að trúin fái einhverju breytt til batnaðar. Einlægur áhugi þess til að hjálpa öðrum blandast efa, stundum örvæntingu um að trú á Guð geti komið á einhverri breytingu í lífi þess sjálfs. Trúarlíf sumra er steindautt og þjónusta við aðra verður að nauðsynlegu skjóli: vonin verður að svalandi uppsprettulind. Þeir gleyma ströngum skilaboðum Ágústínusar um að „sá sem ekkert á hefur ekkert að gefa“. Þeir gera þau mistök að sjá ekki hversu fölsk sú sýn er að halda að hið persónulega og hið samfélagslega séu andstæður. Ef Guð er til og ef hann lætur sér annt um fólk, þá hlýtur reynsla af nærveru Guðs innra með okkur að leiða til reynslu af nærveru Guðs í heiminum: sá sem skynjar verk Guðs í heimi okkar mun óhjákvæmilega verða að dýpka innri skynjun á Guði hvort sem er í sál eða anda.

Það persónulega og það félagslega eru ekki aðskildir veruleikar. Þegar við aðgreinum þá, þá gerum við ráð fyrir að félagslega víddin sé einhverskonar ekki-ég vídd. Þannig er það aldrei. Félagslega víddin er ólík persónulegu víddinni aðeins hvað varðar magn: Hún er heimur margra ég-a en ekki heimur sem er handan við ég-in. Því er ekki víst að í hinu félagslega felist minni eigingirni eða meiri góðgirni en í málefnum einstaklingssjálfsins eins og staðreyndir félagslegs staðfesta því miður – óháð hversu stór eða smár hann er. Þau sem beita sér í félagslegum málum á kostnað þeirra einstaklingsbundnu skortir oft réttlæti og sanngirni í eigin hópi, og sérstaklega gagnvart þeim sem þau greinir á við. Þau sýna af sér sömu tvöfeldni, hræsni, og virðingarleysi fyrir öðrum og þau skynja hjá þeim sem þeir hamast gegn. Kærleikurinn verður endilega því ekki meiri þó að hópur myndist um málstað hans, fremur en að aukin vitund án tengsla við dulvitundina rækti raunverulegt andlegt líf.

Það sem er nauðsynlegt hverju málefni, hvort sem það er einn (ein sál í einu) eða hreyfing (sem innifelur stóra hópa fólks) sem ber málefnið fyrir brjósti, er lifandi innri tenging við hinn lifandi anda — vitund og dulvitund — og viðurkenning á raunverulegri eða mögulegri uppfyllingu sálrænna möguleika annarra. Þá sjáum við að við erum innbyrðis tengd öðrum órofa böndum. Með því að sækja heiðarlega út fyrir sjálfid út á djúp *ekki-ég-sins* má breikka reynsluna. Samúð er lítils virði í samhengi félagslegs réttlætis þegar hún lokar á það góða í einstaklingnum eins og Kierkegaard hefur sýnt fram

á. Við finnum til með þeim sem við köllum þá sem „minna mega sín“ en hópskilningurinn í samúð okkar heldur þeim frá okkur. Þegar við fáum slíka samúð, vitum við vel hversu niðurlægiandi hún er, okkur líður eins og við séum einhverskonar úrkast, og aðrir lúti niður til að minnka sektarkennd sína gagnvart okkur, hvort sem það varðar okkur eða ekki. Þá þekkjum við frá fyrstu hendi djöfulleg áhrif tilfinningasemi annarra, tilfinningasemi sem er gríma viljaleysis og sem kemur í veg fyrir að viðkomandi séu raunverulega opnir gagnvart okkur eða gagnvart því góða í sjálfum sér. „Að sýna samúð á þennan hátt“ skrifar Kierkegaard „er lítilfjörlegast allrar félagslegrar hæfni og sveigjanleika. Samúð af þessu tagi er svo langt frá því að hjálpa þeim sem þjást og sá sem sýnir hana er aðeins að verja eigin sjálfægni. Við þorum ekki að hugsa af dýpt um vandamálið, svo við spörum okkur samúðina.“¹⁴

Að kafa djúpt í líf andans tengir okkur raunverulega við allar aðrir sálir. Að kynnast djúpt þeim dulvituðu þáttum sem snerta persónulegra vandamál okkar sjálfra kynnir okkur fyrir tengslasviði sem varðar samfélagið allt. Jung talar um hlutlægt lag í dulvitundinni sem liggur dýpra en „persónuleg dulvitund“ okkar, sem er það innra rými tengist ævi okkar, vegna þess að þar er algerlega persónulegt efni – bælingar, gamlir draumar, fornar bernskuminnningar. „Hlutlæga dulvitundin,“ sem Jung kallar líka „sammannlega dulvitund“ (e. *collective unconscious*) geymir frummyndir (e. *archetypal images*) sem endurspeгла frumlæga mannlega reynslu á borð við fæðingu barns, krefjandi umskipti, þjáningu og dauða. Þegar við upplifum slíka viðburði þá veitir persónuleg reynslan okkur innsýn í sammannlega reynslu og vandamál annarra. Við uppgötuum að okkar litlu lausnir fela í sér lausn á vandamálum mannlegs lífs og við njótum góðs af lausnum annarra. Við uppgötuum tengslin sem eru á milli okkar og annarra og okkur lærir að dýpsta persónulega reynsla okkar er órjúfanlega grundvölluð á þáttöku í mannlegu samfélagi. Júlían frá Norwich sagði að við séum öll saumuð í kjarna Guðs og séum þess vegna þegar allt kemur til alls hnýtt saman á dýpsta sviði.¹⁵

Frá þessu stigi kemur athygli einstaklinga sem forðast innantóma hjarðmennsku og það að berast með lýðnum, Simone Weil nefndi þetta „inn-grip“ (e. *interfering action*). Þess í stað horfum við á þann sem þjáist, og á alla sem þjáist, og spyrjum: „Hvað þjakar þig?“¹⁶ Kierkegaard skrifaði, „Aðeins sá sem tengist þeim sem þjáist í hluttekningu sér að örlög hans sjálfs eru sam-

¹⁴ Kierkegaard, *The Concept of Dread*, bls. 107.

¹⁵ Julian from Norwich, *Revelations of Divine Love*, New York: Harper & Row, 1961, bls. 144–150.

¹⁶ Weil, *Waiting for God*, bls. 112, 115.

tvinnuð örlögum hins; aðeins sá sem getur sett sig þannig í spor með þeim sem þjáist þannig að þegar hann leitar lausna fyrir viðkomandi þá berst hann í reynd fyrir sjálfum sér og hafnar því öllum hálfkæringi, tilgerð og hugleysi – aðeins þá öðlast samúð raunverulegt gildi ...“¹⁷

Hugmyndin um gagnsæi lýsir þessu nánar: Aðgreining á milli þess félagslega og persónulega á ekki rétt á sér heldur þarf að skynja tærleika hvors tveggja í senn. Aðgreiningin á því persónulega og félagslega er blekking, hið félagslega mætir okkur í því sem er persónulegast og sálin tengir okkur jafnvel upplifun fólks frá fjarlægustu stöðum. Þegar dýpst er skoðað og lengst er kannað þá er vera mín og vera þín sú sama. Dæmi um þetta er nýlega breyttur skilningur okkar á svörtu og hvítu, ljósi og myrkri. Félagslega kom breytingin fram í áherslum andófsshreyfinga blökkumanna á fimmta og sjötta áratugnum sem snéru við hefðbundinni táknerkingu myrkurs (svarts) og ljóss (hvíts). En breytingin var ekki aðeins félagsleg. Áhrifanna gætti djúpt undir yfirborði þjóðfélagsátaka og aðalbreytingin átti sér stað á persónulega sviði mannlífsins, djúpt í anda hvíttra og svartra einstaklinga.

Kristin hefð leit gjarnan svo á að sálin stefndi frá myrkri til ljóss – tákni hins góða, tæra og frelsandi – að sálin stigi upp frá myrkri, frá illsku, og ánauð efnisheimsins. En með tilkomu djúpsálarfræða fengum við nýja sýn á þetta táknræna ferðalag og gildi þess. Djúpsálarfræðin skoðaði myrk djúp dulvitaðs lífs andans og fylgismenn hennar gerðu sér grein fyrir því að dulvitundin býr yfir ljósi sem skapar vitund. Og í þessu ljósi getur vitundin sjálf virst torræð og skuggaleg. Eftir marga fundi sálgreina og skjólstæðinga þeirra uppgötvaði djúpsálarfræðin gildi þess myrkurs sem varð til fyrir löngu en fékkst hvorki metið né skilið innan kristindómsins. Páll postuli lýsti vitundinni sem skuggamynd atburða eða líkt og að sjá „í gegnum skuggsjá“. Hann áleit að það yrði ekki fyrr en í endamyrkri dauðans að við myndum skynja þá björtu upplýsingu sem felst í að sjá persónur og atburði „í skýru ljósi“. Hver sá sem hefur þroskast í andlegu lífi þekkir þennan sérkennilega umsnúning væntinga. Að lifa „lífi í andanum“ er að vænta þess að vakna af svefni skuggatilveru vitundarlífsins til ástands þar sem mynd okkar af Guði er skýr. Bernharður frá Clairvaux lýsti þessu svona: „Þegar við höfum náð langt í andlegu lífi þá sofnum við. Að falla inn í myrkrið er eina viðurkvæmlega og eðlilega andsvar okkar við verki Guðs í innra lífi okkar.“¹⁸ Hinn óþekkti höfundur *The Cloud of Unknowing* (*Þoka vanþekkingarinnar*) ráð-

¹⁷ Kierkegaard, *The Concept of Dread*, bls. 107.

¹⁸ Butler, *Western Mysticism*, bls. 106, 120.

leggur okkur að samþykkja þá svartarþoku vanþekkingar sem umlykur okkur því það er í gegnum þetta hálfmyrkur sem Guð nær til okkar.¹⁹ Joseph Pieper lýsti þessu þannig að „ofgnótt ljóss“ í veru okkar væri of mikið fyrir takmarkaðan skilning okkar og að leið okkar til sjálfsþekkingar sé í gegnum myrkur í átt til „hyldýpisljóss sem streymir frá Guði.“²⁰

Við sjáum þennan viðsnúning hvað varðar tengsl ljóss og myrkurs endurspeglast í umbótahreyfingum svartra. Svart fólk fór að leggja áherslu á fegurð, sérstök gildi, hefðir og listir svartra; þessa hefð skyldi lofa líkt og ástina með orðum Ljóðaljóðanna sem segja: „Svart er fallett.“²¹ Krafan varð að við skyldum samþykkja svart fólk á þeirra eigin forsendum. Eins og í sálarlífi þarf hin svarta dulvitund að viðurkennast sem jákvæð nærvera á hennar eigin forsendum og alls ekki sem eitthvað sem er *ekki til staðar*, ekki sem eitthvað sem er *ekki hvítt*, eitthvað sem er *ekki ljós*.

Að meðtaka þessa breytingu á skilningi okkar á *ljósi* og *myrkri* er að meðtaka grundvallarbreytingu á menningu okkar í kjarna okkar sem einstaklinga. Þetta eru byltingarkennd áhrif. Við förum ekki lengur frá *myrkri* til *ljóss* heldur er okkur að lærast að það er ljós í myrkri og myrkur í ljósi. Samfélagið er að meðtaka það sem einstaklingar innan þess urðu fyrst að skilja í sál sinni – einn í einu – að við þörfnumst bæði ljóss og myrkurs og að líf okkar grundvallast á hvoru tveggja. Að einblína í eina átt bindur hugarfar einstaklinga og samfélags í verstu fjötra og veldur takmörkun í tilveru sem þarfnast sýnar til allra átta, þarfnast myrkurs og ljóss, vitundar og dulvitundar til að lifa og dafna.

Uggur og ótti

Ekkert vinnur eins mikið gegn lífinu og óvild þeirra sem óttast jafnvel meira en sálarlífið þá opnun verunnar sem það ber með sér. Þessi ótti felur í sér neikvætt gagnsæi sem þó leiðir líka til hlutdeildar sálarlífsins í verunni og opinberar hann án þess að við fáum við ráðið. Sálarlífið opinberar veruna með undraverðum, ógnvekjandi og skelfilegum hætti því í óttanum mætast vitund og dulvitund. Veran rís upp, starir á okkur og gerir afdáttarlausu og viðvarandi kröfu til okkar. Þessi krafa er fyrir sumum skelfileg, en fyrir

¹⁹ The Cloud of Unknowing, Baltimore: Penguin, 1968.

²⁰ Josef Pieper, „The Negative Element in the Philosophy of St. Thomas Aquinas“, Selection II, ritstj. Cecily Hastings og Donald Nicholl, New York: Sheed and Ward, 1954, bls. 199.

²¹ Sjá söng Salómons 1:5, „Svört er ég, en þó yndisleg“ og svo framvegis.

öðrum stórkostleg – og öllum erfið. Mjög fáir opna sig fyrir verunni eins og ekkert sé. Sumir nálgast hana af óframfærni eða jafnvel hugleysi, en flestir víkja sér undan henni eða snúa baki við henni. Við þekkjum öll með einum eða öðrum hætti þá ógn, skelfingu og þá miskunnarlausu óvissu sem m.a. Ritningin segir að fylgi því að öðlast nýja sýn. Þessi uggur fylgir því að ganga til móts við veruna og lifa lífi hennar. Það er óttablandin tilfinningin sem fylgir því að vera við upptökin.

Óttinn við sálarlífið er óttinn við stórbrotna nærveru verunnar. Þessi ótti gerir það að verkum að við treystum ekki smæð lífs okkar og dauða. Við grípum því til máламиðlana og svika. Við beitum sjálf okkur þúsundum pretta sem smætta líf okkar niður í eitthvað miklu minna en það ætti að vera. Sálarlífið veit þetta líkt og Skugginn²² og við vitum þetta innst inni ef við aðeins horfumst í augu við kjarnann í okkur. Kristið fólk þekkir vel gæsku og mögulegt siðferðisþrek fólks. Það þekkir líka fórnirnar sem þetta krefst: Áræðni, einsemd og ótti við sálarlífið. Það veit að sálarlífið er ótrúlega lifandi og krefjandi. Þessi veruleiki lifir bæði innra með okkur (er líkur okkur) en líka fyrir utan okkur (er ólíkur okkur). Sé honum gefinn gaumur þá víkkar hann meðvitund okkar, ekki aðeins að það leiði til vellíðunar, heldur færir hann okkur gnægð og nærveru þess sem gerir okkur heil.

Að skynja skipandi mátt sálarlífsins – hvort sem við nýtum hann eða höfnum – er að skynja gagnsæi þess og tilgang. Í gegnum setlög sálarlífsins skynjum við sem brennandi ljós nærveru þess sem er ekki aðeins *sjálfíð* heldur líka eitthvað sem er stærra en það og ofurmannlegt. Við óttumst að það sem við skynjum sópi okkur burt eða slái okkur út og sá ótti getur á augabragði snúist upp í hreint hatúr. Hatrið getur snarlega snúist upp í hatúr á því Góða því að óttinn gerir kröfur um að við gerum að engu okkar litlu gæði. Við skellum skollaeyrum við hinni stórbrotnu nærveru af ótta við að þeytast út úr takmarkaðri tilveru okkar. Við reynum að eyðileggja jafnvel allra minnstu ummerki um þekkingu okkar á hinu Stóra lífi. Það heimtar krossfestingu. Krossfestingu allrar smásmugu í lífi okkar – og auðvitað vill enginn krossfestast. Og þannig er um mörg okkar, allt sem minnir okkur á merkingu nærverunnar og kröfuna um krossfestinguna verður að víkja: Helgisíðir, altarisganga, bænar, fornar fórnir, kennisetningar, játningar og jafnvel trú og kenning.

Mannlega séð er slíkur ótti skiljanlegur því hann felur í sér vissu um að

²² [Skugginn er samkvæmt jungískri sálarfræði sá hluti dulvitundarinnar sem felur í sér bælda veikleika, takmarkanir og hvatir. Þetta er það sem fólk vill alls ekki að aðrir sjái og það sem það vill ekki kannast við í sjálfu sér. – Þýð.]

Þessi mikla krafa muni leiða til algerrar endurskipulagningar á lífi okkar. Þetta er ástæðan fyrir því að þeir sem hafa skilið þetta og viðurkennt líkja því oft við dauða og endurfæðingu. En fulltrúar þess góða, þeir sem svara ekki illu með illu, þurfa oft að krossfestast með tilliti til gildismats heimsins, m.ö.o. með því að tapa peningum, missa vinnu, fara á mis við frægd, eða geta jafnvel þurft að láta lífið sem písklurvottar.

Það sem maður upplifir í heiminum er með áhugaverðri þverstæðu sálarlífsins dæmisaga um kjarnann í veru okkar; það er nákvæmlega það sama og maður finnur að gerist í hulinni krossfestingu sálarinnar. Maður finnur samtímis fyrir skuggalegum viðbrögðum sjálsins (hatur, reiði, þrá eftir fullnægju, sjálfsupphafningu, sjálfstyrkun) og á sama tíma og á jafn nærtækan hátt, hina stöðugu nærveru sem krefst þess að maður biður um miskunn og endurlausn sjálfum sér og jafnvel óvinum sínum til handa. Sprengjuegni áhyggjuefna sjálsins – árás ímynda og áráttan til að skipuleggja líf sitt, hafa markmið og finna leiðir til að framkvæma það sem maður lítur á sem grundvallargæði – er fylgt eftir með viðstöðulausum slætti dulvitaðs skilnings á hlutverki manns: Alvaldri dularfullri nærveru sem jafnframt er fullviss um hvar þú getur fundið stefnu þína. Okkur finnst sem við séum slitin í sundur, neglð á kross, krossmerkt.

Samkvæmt kristninni þá birtist Guð í manninum Kristi. Þegar Jesús yfirgaf okkur þá lofaði hann okkur huggara sem myndi dvelja í okkur og mitt á meðal okkar. Samkvæmt þessum skilningi á mannlegum örlögum þá getum við ekki flúið hina sístæðu og brennandi nærveru Guðs sem er „eilíft ljós“ í myrkri okkar og er ljósi okkar óendanlegt myrkur.²³ Djúpsálarfræðin (með allt öðru orðalagi) sér líka óumflýjanlega nærveru í kjarna sálarlífs okkar. Í miðju andstæðunnar á milli líkama og anda – í sjálfi sem lokar sig frá Sjálfinu eða sjálfi sem raunverulega opnar sig gagnvart Sjálfinu – þá getum við fundið hljóða snertingu sem snertir hamslausar tilfinningar okkar, lækandi mildi sem snertir tortímandi anda okkar. Andinn teygir sig út til útskúfaðra og afskorinna hluta sálarlífs okkar sjálfra til að sjá hann og sættast við hann – líkt og Jesús þegar hann snerti hinn blinda, lamaða, sturlaða, útlenda og útskúfaða. Þannig umfaðmar Kristur alla þætti sálarlífs okkar og við þörfnumst allra þessara þátta til að umfaðma hann og í honum geðheilbrigði okkar.

Haukur Ingi Jónasson þýddi

²³ Sjá Butler, *Western Mysticism*, bls. 34.

